

Fimmtudaginn 5. maí 1994.

Nr. 189/1991.

Söltunarfélag Dalvíkur hf.

(Árni Pálsson hrl.)

gegn

Albert Reimarssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1991 og krefst aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að sök verði skipt og dómkröfur gagnáfrýjanda lækkaðar verulega.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. maí 1991. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu 5.946.500 króna með vöxtum og dráttarvöxtum frá 10. júní 1985 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Atvikum málsins eru gerð óviðunandi skil í hinum áfrýjaða dómi. Ýtarleg lögreglurannsókn fór fram á tildrögum slyssins. Einnig fóru fram yfirheyrslur fyrir dómi undir rekstri málsins. Í héraðsdómi er einungis tilfærð stutt frásögn úr skýrslum, sem teknar voru af gagnáfrýjanda og skipstjóra m/s Dalborgar, en framburðar þriggja vitna er að engu getið. Í dóminum er rakinn hluti af frásögn gagnáfrýjanda hjá lögreglu og fyrir dómi og ekkert rakið úr ýtarlegri skýrslu Willards Helgasonar skipstjóra hjá lögreglu. Þar koma þó fram veigamiklar upplýsingar um þátt hans við færslu skipsins frá bryggju og orsakir slyssins, sem nauðsynlegt var að rekja nákvæmlega í dóminum, en skýrslu þessa staðfesti hann rétta, er hann kom fyrir dóm. Röksemdir í dóminum fyrir ályktunum, að því er varðar fébótaábyrgð aðaláfrýjanda og eigin sök gagnáfrýjanda, eru allsendis ófullnægjandi með tilliti til þeirra upplýsinga, sem við var að styðja, og ágreinings málsaðila um þetta hvort tveggja. Um sum álita-

efni, er að þessu lúta, er ekkert fjallað, en látið við það sitja að skírskota í „málsatvik að öðru leyti“.

Um meiðsli gagnáfrýjanda segir það eitt í dóminum, að hann hafi mjaðmarbrotnað. Ekkert er rakið úr læknisfræðilegum gögnum málsins um afleiðingar meiðslanna og sjúkrasögu gagnáfrýjanda eftir slysið. Einungis er greint frá niðurstöðu örorkumats. Forsendna örorkuútreiknings er að engu getið, þótt fram komi, að hann sé lagður til grundvallar við mat á örorkutjóni gagnáfrýjanda. Tekið er fram, að dregnar séu frá bætur, sem gagnáfrýjandi hafi fengið úr slysatriggingu sjómanna, en bótafjárhæðar ekki getið.

Samkvæmt þessu er hinn áfrýjaði dómur með slíkum annmörkum, að óhjákvæmilegt er að ómerkja hann og málsmeðferðina frá og með munnlegum málflutningi 7. janúar 1991 og leggja fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra að taka málið upp til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með munnlegum málflutningi 7. janúar 1991 og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar og Hjartar Torfasonar

Í héraðsdómi er málsástæðna og annarra atvika máls ekki getið í nægjanlega skýru og samfelldu máli. Þá er niðurstaða dómsins ekki dregin af sönnunaratriðum og lagaatriðum með nægilega ljósum hætti. Dómurinn fullnægir því ekki í öllum atriðum ákvæðum h- og j-liðar 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981, sbr. og 5. mgr. sama ákvæðis, en ákvæði þessi voru í gildi, þá er dómurinn var saminn. Þeim hefur nú verið breytt, sbr. ákvæði 114. gr. laga nr. 91/1991, núgildandi laga um

meðferð einkamála, sem gera nokkuð breyttar og ákveðnari kröfur til atvikalýsingar dóms. Þrátt fyrir þessa annmarka á samningu héraðsdóms þykir okkur ekki fullnægjandi ástæða til að ómerkja hann. Þar sem meiri hluti dómara er annarrar skoðunar, verður efnisdómi ekki lokið á málið.
